

**Sp.**

**207. Svar**

**[154. mál]**

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jónönnu Sigurðardóttur um útgjöld vegna læknis- og lyfjakostnaðar.

**Útgjöld sjúkratrygginga frá 1. janúar 1983 til 31. október  
1985 vegna heimilislækninga, sérfræðiþjónustu,  
lyfjakostnaðar og tannlæknisþjónustu.**

Í eftirfarandi fjórum töflum (I—IV) eru tilgreind útgjöld sjúkratrygginga vegna heimilislækninga, sérfræðiþjónustu, lyfjakostnaðar og tannlæknisþjónustu eftir mánuðum

tímabilið janúar 1983 til október 1985. Sýna töflurnar bæði raunverulegar fjárhæðir og fjárhæðir uppfærðar miðað við lánskjaravísitölu októbermánaðar 1985 til nánari samanburðar.

*Almennar athugasemdir við töflur I—IV.*

1. Hvers kyns breytingar, sem áhrif hafa á kostnað við læknishjálp, koma yfirleitt ekki fram fyrir en í tölum næsta mánaðar eftir breytinguna. Sams konar breytingar á lyfjakostnaði og kostnaði við tannlæknisþjónustu koma hins vegar fram að verulegu leyti strax.

2. Fjárhæðir janúar- og desembermánaða eru ekki samanburðarhæfar við fjárhæðir annarra mánaða. Byggist það á þeirri bókhaldsvenju Tryggingastofnunar ríkisins að færa greiðslur í janúarmánuði vegna þjónustu, sem veitt hefur verið fyrir áramót, yfir á kostnað desembermánaðar.

3. Fjárhæðir í október- og nóvembermánuði 1984 eru ekki samanburðarhæfar við fjárhæðir annarra mánaða vegna verkfalls opinberra starfsmanna innan BSRB í október 1984.

4. Þjónusta lækna og tannlækna, svo og lyfjaneysla, virðist ætíð dragast saman yfir sumarmánuðina.

TAFLA I:  
Kostnaður við heimilislæknishjálp jan. 1983 — okt. 1985

	----- 1983 -----			----- 1984 -----			----- 1985 -----					
	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85			
JAN.	3058448	488	2.594	7934416	4308169	846	1.496	6446976	3982124	1006	1.258	4885456
FEB.	4022172	512	2.473	9945449	8001875	850	1.489	11918087	3710267	1050	1.206	4473522
MARS	4289000	537	2.358	10111497	4934947	854	1.482	7315741	4131951	1077	1.175	4857057
APRIL	4871037	569	2.225	10837843	4767436	865	1.464	6977542	3683485	1106	1.145	4216358
MÁI	4703200	606	2.089	9825497	6182816	879	1.440	8904943	4040559	1119	1.131	4571356
JUNÍ	5289619	656	1.930	10208320	4339528	885	1.431	6207732	6602261	1144	1.107	7306348
JÚLÍ	5308271	690	1.835	9739523	3483561	903	1.402	4883929	3991427	1178	1.075	4289598
AGÚST	5239276	727	1.741	9123691	3074698	910	1.391	4277547	8120653	1204	1.051	8538826
SEPT.	5444699	786	1.611	8769706	3599232	920	1.376	4952856	10363178	1239	1.022	10589010
OKT.	5182832	797	1.588	8232704	2146470	929	1.363	2925114	11179143	1266	1.000	11179143
NOV.	5186030	821	1.542	7996972	5739867	938	1.350	7746985				
DES.	6939943	836	1.514	10509531	2853763	959	1.320	3767324				
Samtals	59534527			113235150	53432362			76324777	59705048			64906675

*Skýringar:*

Taflan innifelur bæði taxtagreiðslur til heimilis- og heilsugæslulækna og fastar mánaðargreiðslur til þeirra fyrrnefndu. Alls munu nú starfandi milli 105 og 110 heimilis- og heilsugæslulækna. Kostnaður árið 1983 er tiltölulega mikill vegna þess hversu lítinn hluta sjúklingar greiddu þá. Í júní 1984 var hluti sjúklings hækkaður verulega og kemur það fram í greiðslum frá og með júlímánuði sama árs. Í júní 1985 má sjá hækkun vegna nýrra samninga við heimilislækna utan heilsugæslustöðva sem verkaði frá 1. janúar 1985 að hluta og var að mestu innheimt í júní 1985. Taxtagreiðslur hækkuðu ekkert frá desember 1984 til 31. júlí 1985 er gerðardómur gekk um þær sem olli margfaldri hækkun á hluta sjúkratrygginganna, m.a. vegna þess að hluti sjúklinga í kostnaði við símaþjónustu lækna var þá alfarið færður yfir á sjúkratryggingarnar. Má sjá hækkunina í tölum frá og með septembermánuði 1985.

TAFLA II:  
Kostnaður við sérfræðilæknishjálp jan. 1983 — okt. 1985

	1983				1984				1985			
	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85		kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85		kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85	
JAN.	628158	488	2.594	1629607	1058078	846	1.496	1583365	1058205	1006	1.258	1331697
FEB.	5637622	512	2.473	13939901	16618723	850	1.489	24752122	13243239	1050	1.206	15967562
MARS	8082182	537	2.358	19054083	12269215	854	1.482	18188321	15820282	1077	1.175	18596543
APRIL	8565709	569	2.225	19058326	13070869	865	1.464	19130312	14107330	1106	1.145	16148173
MÁI	8641791	606	2.089	18053643	13568038	879	1.440	19541679	15255108	1119	1.131	17259130
JÚNÍ	7906304	656	1.930	15258203	13168288	885	1.431	18837348	16680620	1144	1.107	18459497
JÚLÍ	9732881	690	1.835	17857721	9341466	903	1.402	13096673	24942453	1178	1.075	26805726
ÁGÚST	8005944	727	1.741	13941575	8448432	910	1.391	11753533	22149075	1204	1.051	23289642
SEPT.	9259000	786	1.611	14913351	10035352	920	1.376	13809517	21717039	1239	1.022	22190292
OKT.	11993910	797	1.588	19051807	4276937	929	1.363	5828420	26437702	1266	1.000	26437702
NOV.	11672054	821	1.542	17998563	15726226	938	1.350	21225375				
DES.	21617417	836	1.514	32736423	19308680	959	1.320	25489874				
<b>Samtals</b>	<b>111742972</b>			<b>203493202</b>	<b>136890304</b>			<b>193236539</b>	<b>171411053</b>			<b>186485966</b>

*Skýringar:*

Taflan innifelur greiðslur sjúkratrygginga sem færðar eru undir sérfræðilæknishjálp, þ.m.t. greiðslur til Hjartaverndar og rannsóknalækna en tveir þeirra síðar nefndu reka í raun blóð- og meinarannsóknadeildir tveggja af stærstu sjúkrahúsum landsins. Í allt eru sérfræðingar, sem fá greiðslur frá sjúkratryggingum, nú 279 talsins og hefur þeim fjölgað nokkuð að undanfögnu. Mikill meiri hluti þeirra gegnir einnig föstu starfi á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum.

Hluti sjúklings í kostnaði við sérfræðilæknishjálp var tiltölulega lítil á árinu 1983 og skýrir það mikil útgjöld sjúkratrygginga það ár. Í júní 1984 var hluti sjúklings hins vegar hækkadur töluvert og má sjá áhrif þess á fjárhæðum frá og með júlímánuði 1984. Í desember 1984 var dregið nokkuð úr þátttöku sjúklinga með því að lækka hlutdeild elli- og örorkulífeyrisþega og breyta túlkun á því hvernig sjúklingar skyldu greiða við áframhaldandi komur til rannsókna og aðgerða. Má greina áhrif þessa á fjárhæðum frá og með febrúarmánuði 1985. Í maí 1985 var gengið frá nýjum samningi um sérfræðilæknishjálp sem fól í sér gildistöku nýrrar gjaldskrár afturvirkta frá áramótum. Er það m.a. skýringin á háum greiðslum í júlí og ágúst 1985. Greiðslur sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp hafa hins vegar aldrei verið eins háar og undanfarna mánuði. Virðist ljóst að um nokkuð aukna þjónustu hefur verið að ræða en jafnframt að einstakar sérfræðigreinar hafa borið mun meira úr bótum en til var ætlast við endurskoðun gjaldskrárinnar. Mál þetta hefur verið til umræðu hjá samninganefndum Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins á undanfögnu vikum.

TAFLA III:  
Lyfjakostnaður jan. 1983 — okt. 1985

	----- 1983 -----			----- 1984 -----			----- 1985 -----					
	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85			
JAN.	15977004	488	2.594	41448539	29747444	846	1.496	44515679	43025122	1006	1.258	54144935
FEB.	30438338	512	2.473	75758078	54102659	850	1.489	80581137	59819835	1050	1.206	72125630
MARS	35774849	537	2.358	84340705	47815181	854	1.482	70882926	59392621	1077	1.175	69815282
APRIL	34760665	549	2.225	77340952	47097637	865	1.464	68931339	56688352	1106	1.145	64889199
MÁI	36934600	606	2.089	77160402	59642714	879	1.440	85901793	59218361	1119	1.131	66997717
JÚNÍ	37658801	656	1.930	72676893	44287799	885	1.431	63354072	61323977	1144	1.107	67863772
JÚLÍ	50449050	690	1.835	92563040	39956171	903	1.402	56018286	63508212	1178	1.075	68252459
ÁGÚST	50953347	727	1.741	88733795	34906317	910	1.391	48561975	70306674	1204	1.051	73927117
SEPT.	57244870	786	1.611	92203569	39625112	920	1.376	54527600	65716560	1239	1.022	67148640
OKT.	46607733	797	1.588	74034366	41961191	929	1.363	57182850	80454994	1266	1.000	80454994
NOV.	45704205	821	1.542	70476886	48852161	938	1.350	65934793				
DES.	60260831	836	1.514	91256235	55864545	959	1.320	73748190				
Samtals	502966293			937993461	543858931			770140640	619454708			685619743

*Skýringar:*

Taflan sýnir greiðslur sjúkratrygginga á lyfjum til lyfsala. Áhrifa hækkana á greiðslum almennings gættir greinilega í október 1983 og júní 1984. Að öðru leyti virðist kostnaður fylgja breytingum á lyfjaverðskrá.

TAFLA IV:  
Kostnaður við tannlæknishjálp jan. 1983 — okt. 1985

	----- 1983 -----			----- 1984 -----			----- 1985 -----					
	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara- vísitala	kr. verðgildi október 85			
JAN.	4635490	488	2.594	12025677	7315663	846	1.496	10947552	10041906	1006	1.258	12637230
FEB.	6875191	512	2.473	14999984	12137538	850	1.489	18077792	13566370	1050	1.206	16357166
MARS	9021365	537	2.358	21268246	11876477	854	1.482	17606112	15770427	1077	1.175	18537939
APRIL	7192430	569	2.225	16002841	11373791	865	1.464	16646496	13984603	1106	1.145	16007692
MÁI	8371496	606	2.089	17488967	12774404	879	1.440	18398630	15869836	1119	1.131	17954613
JÚNÍ	9574576	656	1.930	18477764	10566930	885	1.431	15116083	14138887	1144	1.107	15646705
JÚLÍ	8120047	690	1.835	14898521	9393073	903	1.402	13169026	13985326	1178	1.075	15030070
AGÚST	7228685	727	1.741	12588054	8950751	910	1.391	12452363	13888478	1204	1.051	14603665
SEPT.	10361262	786	1.611	16688750	10149905	920	1.376	13967152	14369739	1239	1.022	16726465
OKT.	10510196	797	1.588	16694991	6346944	929	1.363	8649334	18470797	1266	1.000	18470797
NOV.	12215346	821	1.542	18836331	17331321	938	1.350	23391740				
DES.	12819971	836	1.514	19413975	13253938	959	1.320	17496857				
<b>Samtals</b>	<b>106926055</b>			<b>201384102</b>	<b>131470735</b>			<b>185919138</b>	<b>146086369</b>			<b>161972343</b>

*Skýringar:*

Taflan sýnir kostnað sjúkratrygginganna við tannlæknisþjónustu sem innifelur bæði kostnað sjúkrasamalaga vegna tryggðra sjúklunga og kostnað sjúkratryggingadeildar vegna styrkja til ákveðinna tannaðgerða. Fjöldi tannlækna, sem starfa fyrir sjúkratryggingarnar að meira eða minna leyti, er nú 194. Greiðslur hafa verið tiltölulega jafnar þann tíma sem taflan nær yfir.

**Þátttaka sjúklunga í heildargreiðslum  
læknis- og lyfjakostnaðar.**

Nákvæmar tölur um þátttöku sjúklunga í læknis- og lyfjakostnaði liggja ekki fyrir hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þannig er t.d. engar upplýsingar að hafa þegar hluti sjúklings tæmir greiðslukröfu læknis eða lyfsala. Þátttaka sjúklings verður einungis áætluð á grundvelli sérstakra kannana og eru eftirfarandi upplýsingar byggðar á slíkum áætlunum:

*Heimilislækningar.*

Í byrjun árs 1984 var hluti sjúklings u.þ.b. 20% af heildarkostnaði en fór upp í u.þ.b. 70% við hækkun á hluta sjúklings í júní sama ár og hélst síðan í u.þ.b. 60% til júníloka 1985. Frá ágúst 1985 hefur hlutdeild sjúklings hins vegar minnkað niður í u.þ.b. 30% af heild vegna áhrifa gerðardóms frá 31. júlí s.l.

*Sérfræðilæknishjálp.*

Árið 1983 greiddu sjúklingar u.þ.b. 10% af heildarkostnaði, árið 1984 u.þ.b. 30% og í byrjun ársins 1985 var þátttaka sjúklunga komin niður í u.þ.b. 25% af heildarkostnaði.

*Lyfjakostnaður.*

Í apríl 1984 greiddu sjúklingar u.þ.b. 13% af heildarkostnaði, í nóvember sama ár var hluti sjúklings u.þ.b. 25% en var kominn niður í u.þ.b. 23% í febrúar 1985.

**Hlutfallsleg lækkun lyfja- og lækniskostnaðar sjúklunga.**

Í töflu V má sjá hluta sjúklings í læknis- og lyfjakostnaði á hverjum tíma sem hlutfall af grunnlífeyri annars vegar og tekjutryggingu hins vegar:

**TAFLA V:**  
**Sjúklingshluti í læknishjálpi og lyfjum sem hlutfall af grunnlífeyri og tekjutryggingu eftir tímabilum.**

Tímabil	Grunn- lífeyrir (G)		Tekju- trygg. (T)		Alm.læknishjálpi - viðt. hl.sjúkl.			Sérfr.læknishj. hl.sjúkl. alm.			Sérfr.læknishj. hl.sjúkl. EI/Ör			Lyf skv.skrá II hl.sjúkl. alm.			Lyf skv.skrá II hl.sjúkl. EI/Ör		
	kr.	kr.	kr.	% G	% T	kr.	% G	% T	kr.	% G	% T	kr.	% G	% T	kr.	% G	% T	kr.	% G
01.01.83 - 28.02.83	2449	2863	12	.49	.42	50	2.04	1.75	25	1.02	.87	50	2.04	1.75	25	1.02	.87		
01.03.83 - 31.05.83	2810	3285	15	.53	.46	64	2.28	1.95	32	1.14	.97	64	2.28	1.95	32	1.14	.97		
01.06.83 - 30.09.83	3035	3712	15	.49	.40	64	2.11	1.72	32	1.05	.86	64	2.11	1.72	32	1.05	.86		
01.10.83 - 29.02.84	3157	3861	25	.79	.65	100	3.17	2.59	50	1.58	1.30	100	3.17	2.59	50	1.58	1.30		
01.03.84 - 31.05.84	3378	4728	25	.74	.53	100	2.96	2.12	50	1.48	1.06	100	2.96	2.12	50	1.48	1.06		
01.06.84 - 31.08.84	3445	4823	75	2.18	1.56	270	7.84	5.60	135	3.92	2.80	240	6.97	4.98	120	3.48	2.49		
01.09.84 - 31.10.84	3548	4957	75	2.11	1.51	270	7.61	5.45	135	3.80	2.72	240	6.76	4.84	120	3.38	2.42		
01.11.84 - 30.11.84	4045	5663	75	1.85	1.32	270	6.67	4.77	135	3.34	2.38	240	5.93	4.24	120	2.97	2.12		
01.12.84 - 31.12.84	4045	5663	75	1.85	1.32	270	6.67	4.77	100	2.47	1.77	240	5.93	4.24	100	2.47	1.77		
01.01.85 - 28.02.85	4248	5946	75	1.77	1.26	270	6.36	4.54	100	2.35	1.68	240	5.65	4.04	100	2.35	1.68		
01.03.85 - 30.04.85	4349	6088	75	1.72	1.23	270	6.21	4.43	100	2.30	1.64	240	5.52	3.94	100	2.30	1.64		
01.05.85 - 30.06.85	4654	6819	75	1.61	1.10	270	5.80	3.96	100	2.15	1.47	240	5.16	3.52	100	2.15	1.47		
01.07.85 - 31.07.85	5003	7331	75	1.50	1.02	270	5.40	3.68	100	2.00	1.36	240	4.80	3.27	100	2.00	1.36		
01.08.85 - 30.09.85	5123	7506	75	1.46	1.00	270	5.27	3.60	100	1.95	1.33	240	4.68	3.20	100	1.95	1.33		
01.10.85 - 14.10.85	5434	7962	75	1.38	.94	270	4.97	3.39	100	1.84	1.26	240	4.42	3.01	100	1.84	1.26		
15.10.85 -	5514	8080	75	1.36	.93	270	4.90	3.34	100	1.81	1.24	240	4.35	2.97	100	1.81	1.24		

*Athugasemdir:*

Frá 1. júní 1984 greiða elli- og örorkulífeyrisþegar aðeins fyrir sérfræðilæknishjálpi fyrstu 12 skiptin árlega. Frá 1. desember 1984 greiða sjúklingar yfirleitt ekkert vegna rannsókna í framhaldi af fyrra viðtali hjá sérfræðingi, sbr. meðfylgjandi túlkun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á reglugerð nr. 436/1984 sem birtist hér með sem fylgiskjal ásamt reglugerðinni.

## REGLUGERÐ

### um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

#### Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 75 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 110 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

#### Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

3. gr. reglugerðar nr. 289/1978 orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum, greiðir samlagsmaður fyrstu 120 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 240 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.  
Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 50 og kr. 100 fyrir hverja afgreiðslu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn, er svarar til 100—120 daga notkunar, miðað við notkunarfyrisögn læknis. Sé ávísad magn meira en nemur 120 daga notkun, ber samlagsmanni að greiða eitt gjald, sbr. 1. málsgrein, fyrir hvert 120 daga tímabil eða brot úr því. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC-flokkar D,R og S).

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt og eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

#### Greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðihjálpi í rannsóknnum og röntgengreiningu.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 270 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 hvernar rannsóknar hjá rannsóknarstofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 100 í hvert skipti, fyrstu 12 skiptin árlega, en síðan ekkert.

Þessar greiðslur skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

Aldrei má krefja sjúkling um nema eina greiðslu fyrir hverja komu og skiptir ekki máli hve margar tegundir rannsókna ásamt viðtali er um að ræða.

4. gr.

**Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði innanlands.**

4. gr. reglugerðar nr. 70/1982 orðist svo:

**Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.**

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 800 krónum, en síðari ferðir að frádregnum 400 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

5. gr.

**Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði samlagslækna.**

Samlagsmenn skulu greiða 30 kr. fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis í hverri vitjun.

Greiðslur þessar dragast frá umsömdum eða ákveðnum ferðakostnaði samlagslæknis eða flytjanda hans þegar reikningur er greiddur til sjúkrasamlags.

Þetta snertir ekki greiðslur samlagsmanna, er njóta læknisþjónustu, sem byggist á númerasamningi.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 1984. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 260/1984, reglugerð nr. 262/1984 og reglugerð nr. 281/1984, sbr. reglugerð nr. 88/1983.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1984.*

**Matthias Bjarnason.**

Páll Sigurðsson.

**Fylgiskjal II.**

*Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:*

**Túlkun á reglugerð nr. 436/1984**

Með reglugerð nr. 436/1984, sem gildi tók 1. des. 1984, urðu nokkrar breytingar á greiðslum sjúklinga fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa.

Nauðsynlegt hefur reynst að setja fram skýringar við þessa reglugerð þannig að hún yrði framkvæmd eins um land allt og hefur verið haft samráð við landlæknisembættið, Tryggingastofnun ríkisins og Læknafélag Íslands um það á hvern hátt reglugerðin verður framkvæmd.



### **1. Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.**

Sjúkratryggðir greiða, eins og verið hefur, fyrstu 75 krónur fyrir hvert viðtal á lækningastofu og fyrstu 110 kr. fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings, að viðbættum 30 kr. fyrir ferðakostnað.

Þetta gjald er óbreytt frá því sem verið hefur.

### **2. Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.**

Samlagsmaður greiðir fyrstu 120 kr. af lyfjum í Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum en 240 kr. af lyfjum í Lyfjaverðskrá II.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar greiða 50 og 100 kr. fyrir hverja afgreiðslu lyfja svo sem til er vitnað hér að framan.

Með þessu ákvæði eru greiðslur ellí- og örorkulífeyrisþega lækkaðar frá því sem áður var en þá greiddu þeir helming.

### **3. Greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu.**

Samlagsmenn skulu greiða 270 kr. fyrir hverja komu til sérfræðings, fyrir hverja rannsókn á rannsóknastofu eða fyrir hverja röntgengreiningu. Þó má aldrei krefja sjúkling nema um eina greiðslu fyrir hverja komu og skiptir ekki máli hve margar tegundir rannsókna ásamt viðtali er um að ræða.

Samlagsmaður, sem fer til heimilislæknis og greiðir þar 75 kr., greiðir 195 kr. fyrir röntgenskoðun eða rannsókn sem gerð er í beinu framhaldi af og vegna þeirrar skoðunar sem um ræðir.

Fari sjúklingur í framhaldi af komu til sérfræðings í aðgerð og svæfingu greiðir hann engan hlut af aðgerðarkostnaði en greiðir fyrstu 270 kr. af þóknun svæfingalæknis. Sama máli gegnir ef sérfræðingur vísar til annars sérfræðings; þá greiðir sjúklingur að nýju 270 kr.

Fyrir þá sérfræðipjónustu, sem hér um ræðir, greiða ellí- og örorkulífeyrisþegar 100 kr. í hvert skipti, fyrstu 12 aðskilin skipti árlega, en eftir það ekkert.

Hér eru því greiðslur ellí- og örorkulífeyrisþega lækkaðar frá því sem áður var því að þá greiddu þeir helming kostnaðar.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar eiga því, eins og aðrir, að fá kvittun fyrir greiðslum sínum og ef þessir lífeyrisþegar leggja fram kvittanir fyrir 12 greiðslum fá þeir yfirlýsingu sjúkrasamlags um að þeir eigi ekki að greiða fyrir þessa þjónustu út það almanaksár.

**4. Á rannsóknastofu eða röntgendeild** þarf sjúklingur aldrei að greiða fyrir einnota vörur eða lyf; sá kostnaður er innifalinn í heildargjaldi.

**5. Hjá heimilislækni og sérfræðingi** þarf sjúklingur að greiða fyrir einnota vörur sem notaðar eru vegna sjúklings sjálfs og hann fer með burt með sér, svo sem lyf og umbúðir.

Sjúklingur á hins vegar ekki að greiða fyrir einnota vörur sem eru rekstrarvara, svo sem sprautur, nálar, hnífar, pinsettur, sloppar, lök, hlífðarskór og annað því um líkt.

**6. Á reikningi læknis eða stofnunar**, sem krefur samlag um fulla greiðslu, þarf að koma fram frá hvaða lækni eða stofnun sjúklingur kom.

**7. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnunin kynni almenningi** þessar breyttu reglur og verður haft samráð við læknafélögin um form og fyrirkomulag þeirra tilkynninga sem eðlilegt er að settar verði upp á biðstofum lækna og stofnana.